RSK

# Tilkynning um vörugjaldsskylda starfsemi og/eða umsókn um vörugjaldsskírteini framleiðanda o.fl.

**Tilkynna skal vörugjaldsskylda starfsemi til skattstjórans í Reykjavík eigi síðar en 15 dögum áður en hún hefst. Breytingar, sem verða á starfsemi eftir að skráning hefur farið fram, skal tilkynna innan 15 daga frá því að breyting átti sér stað.**

**Tilkynning er vegna:**

| Almenn skráning ☐ | Breytingar á fyrri upplýsingum ☐ | Sérstök skráning ☐ |
|---|---|---|

## I Rekstraraðili og starfsemi

| Nafn rekstraraðila | Kennitala | Lögheimilissveitarfélag |
|---|---|---|
| Heimili rekstraraðila | Póstnúmer og póststöð | Pósthólfsnúmer og póststöð |
| Nafn einstaklingsfyrirtækis/sameignarfélags sem ekki er sjálfstæður skattaðili | | Kennitala |
| Tegund atvinnurekstrar | Starfsstaður | Sveitarfélag starfsstaðar |

## II Tegund starfsemi/skráningar

### 1) Framleiðandi – vörugjaldsskylda innanlands? Útfyllið einnig III og IV.

| a) Gjaldskyldur framleiðandi ☐ | b) Ógjaldskyldur framleiðandi ☐ | c) Bæði a og b ☐ |
|---|---|---|

### 2) Framleiðandi – vörugjaldsskírteini? Ef framleiðandi óskar eftir vörugjaldsskírteini útfyllið einnig lið VI.

| a) Framleiðandi óskar eftir vörugjaldsskírteini skv. VI-lið (a-e) ☐ |
|---|

### 3) Framleiðandi sem innflytjandi – gjaldfrestur í tolli – endurgreiðslur (b-e)? Útfyllið einnig V.

| a) Framleiðandi er innflytjandi vörugjaldsskyldra vara til endursölu ☐ | b) Framl. er innflytjandi vörugjaldsskylds hráefnis/efnivöru til sölu til framleiðanda ☐ | c) Framl. er innflytjandi vörugjaldsskylds hráefnis/efnivöru til nota í eigin framleiðslu ☐ | d) Bæði 1 og 2 ☐ | Ef aðeins er óskað sjálfkrafa endurgreiðslu? ☐ |
|---|---|---|---|---|

### 4) Innflytjandi – gjaldfrestur í tolli – endurgreiðslur? Útfyllið einnig V.

| a) Innflytjandi vörugjaldsskyldra vara til endursölu ☐ | b) Innflytjandi vörugjaldsskylds hráefnis/efnivöru til sölu til framleiðanda ☐ | c) Bæði a og b ☐ |
|---|---|---|

### 5) Sérstök skráning heildsala – uppgjör vörugjalds miðað við birgðabreytingar. Útfyllið einnig VII.

| a) Heildsali óskar sérstakrar skráningar vegna magngjaldsskyldra vara sem hann hefur flutt inn eða keypt innanlands ☐ | b) Heildsali óskar sérstakrar skráningar vegna magn- og verðgjaldsskyldra vara sem hann hefur flutt inn eða keypt innanlands ☐ |
|---|---|

## III Upplýsingar um vörugjaldsskylda framleiðslu (sendið með framhaldsblað ef þörf er á)

| Vöruheiti | Tollskrárnúmer | Vöruheiti | Tollskrárnúmer |
|---|---|---|---|
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |

## IV Upplýsingar um ógjaldskylda framleiðslu (sendið með framhaldsblað ef þörf er á)

| Vöruheiti | Tollskrárnúmer | Vöruheiti | Tollskrárnúmer |
|---|---|---|---|
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |

## V Upplýsingar um vörugjaldsskyldan innflutning (sendið með framhaldsblað ef þörf er á)

| Vöruheiti | Vöruheiti |
|---|---|
| | |
| | |
| | |
| | |

## VI Upplýsingar um vörugjaldsskylt hráefni/efnivöru notað í eigin framl. (sendið með framhaldsblað ef þörf er á)

| Vöruheiti | Tollskrárnúmer | Vöruheiti | Tollskrárnúmer |
|---|---|---|---|
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |

## VII Upplýsingar vegna sérstakrar skráningar (látið viðeigandi upplýsingar fylgja, sjá reglur ríkisskattstjóra nr. 356/1996)

| |
|---|
| |
| |
| |
| |

## VIII Ósk um niðurfellingu af vörugjaldsskrá

| | |
|---|---|
| ☐ Vörugjaldsskyldri starfsemi er hætt og því er óskað niðurfellingar af skrá yfir vörugjaldsskylda aðila | ☐ Rekstur hefur verið seldur öðrum aðila og því er óskað niður-fellingar af skrá yfir vörugjaldsskylda aðila |

## IX Athugasemdir

| |
|---|
| |

## X Undirskrift

| Dagsetning | Undirskrift |
|---|---|
| | |

# Leiðbeiningar um útfyllingu

## I Rekstraraðili og starfsemi

Í fyrstu tveimur línunum skal tilgreina nafn, kennitölu, póstfang og lögheimilissveitarfélag rekstraraðila. Vinsamlegast athugið að skattskil einstaklingsfyrirtækis eru ávallt í nafni eiganda þess, þ.e. eigandinn er sjálfur rekstraraðilinn þótt fyrirtækið sé skráð í fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands með sérstakri kennitölu. Sama gildir ef um er að ræða sameignarfélag sem ekki er sjálfstæður skattaðili, þá er einhver einn eigendanna hinn formlegi rekstraraðili. Til upplýsinga er getið um nafn þessara fyrirtækja og kennitölu í þriðju línu. Í fjórðu línu skal tilgreina tegund atvinnurekstar, starfsstað og sveitarfélag starfsstaðar. Í reitinn „Tegund atvinnurekstrar" er ætlast til þess að tilgreint sé almennum orðum hvers konar starfssemi er um að ræða, t.d. sælgætisframleiðsla, bakarí, heildsala leikfanga o.s.frv.

## II Tegund starfsemi/skráningar

Hér á að merkja við í viðeigandi reit/i eftir því um hvers konar starfsemi/skráningu er að ræða með tilliti til vörugjalds. Liðir 1-3 eiga við um framleiðendur. Liður 4 varðar hins vegar innflytjendur (sem ekki eru jafnframt framleiðendur). Liður 5 er sérstaks eðlis, varðar einungis þá sem óska eftir sérstakri skráningu heildsala samkvæmt sérstökum reglum.

### 1 Framleiðandi - vörugjaldsskylda innanlands?

Í lið1 skal merkja við eftir því hvort framleiðsla varðar framleiðslu, aðvinnslu og/eða pökkun vörugjaldsskyldra eða ógjaldsskyldra vara ellegar hvoru tveggja.

### 2 Framleiðandi - vörugjaldsskírteini?

Í lið 2 skal merkja við ef framleiðandi sækir um vörugjaldsskírteini vegna nota á vörugjaldsskyldu hráefni/efnivöru í eigin framleiðslu.

### 3 Framleiðandi sem innflytjandi - gjaldfrestur í tolli (a-e) - endurgreiðslur (b-e)?

Ef framleiðandi er jafnframt innflytjandi vörugjaldsskyldra vara skal merkja við í lið 3, eftir því um hvers konar innflutning er að ræða.

Þýðing útfyllingar er tvenns konar.

Útfylling í lið 3 veldur því að gjaldfrestur fæst á vörugjaldi í tolli eftir uppgjörstímabilum, þ.e. vörugjald af innflutningi á uppgjörstímabili gjaldfellur þá á gjalddaga viðkomandi tímabils.

Útfylling í vissum reitum í lið 3 varðar jafnframt endurgreiðslur/niðurfellingu vörugjalds vegna innflutts vörugjaldsskylds hráefnis/efnivöru selt til framleiðanda eða notað í eigin framleiðslu. Eigi b, c eða d við senda skattyfirvöld aðila endurgreiðsluskýrslu fyrir skiladag hverju sinni. Merkja skal við í reit e ef aðili sækir um sjálfkrafa endurgreiðslu, þ.e. niðurfellingar án skila á endurgreiðsluskýrslu, enda sé innflutningur aðila aðeins fólginn í því sem lýst er í reit c.

### 4 Innflytjandi - gjaldfrestur í tolli (a-c) - endurgreiðslur (b-c)?

Liður 4 varðar innflytjanda vörugjaldsskyldra vara (enda sé hann ekki jafnframt framleiðandi en þá á liður 3 við).

Þýðing útfyllingar er tvenns konar.

Útfylling í lið 4 veldur því að gjaldfrestur fæst á vörugjaldi í tolli eftir uppgjörstímabilum, þ.e. vörugjald af innflutningi á uppgjörstímabili gjaldfellur þá á gjalddaga viðkomandi tímabils.

Útfylling í vissum reitum í lið 4 varðar jafnframt endurgreiðslur vörugjalds vegna innflutts vörugjaldsskylds hráefnis/efnivöru selt til framleiðanda. Eigi b eða c við senda skattyfirvöld aðila endurgreiðsluskýrslu fyrir skiladag hverju sinni.

### 5 Sérstök skráning heildsala - uppgjör vörugjalds miðað við birgðabreytingar

Liður 5 er sérstaks eðlis, varðar einungis þá sem sækja um sérstaka skráningu heildsala samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 436/998 og reglum ríkisskattstjóra nr. 356/1996.

## III Upplýsingar um vörugjaldsskylda framleiðslu

Útfyllist af framleiðendum vörugjaldsskyldra vara. Telja skal upp þær gjaldskyldu vörur sem aðili framleiðir, vinnur að eða pakkar. Vanda ber útfyllingu vöruheita og tollskrárnúmera. Nota skal framhaldsblað á eigin bréfsefni ef með þarf.

## IV Upplýsingar um ógjaldskylda framleiðslu

Útfyllist af framleiðendum óskyldra vara. Telja skal upp þær ógjaldskyldu vörur sem aðili framleiðir, vinnur að eða pakkar. Vanda ber útfyllingu vöruheita og tollskrárnúmera. Nota skal framhaldsblað á eigin bréfsefni ef með þarf.

## V Upplýsingar um vörugjaldsskyldan innflutning

Útfyllist af innflytjendum, þ.m.t. framleiðendum sem jafnframt eru innflytjendur. Telja skal upp þær gjaldskyldu vörur sem aðili flytur inn til endursölu eða nota í eigin framleiðslu. Vanda ber útfyllingu vöruheita. Nota skal framhaldsblað á eigin bréfsefni ef með þarf.

## VI Upplýsingar um vörugjaldsskylt hráefni/efnivöru notað í eigin framleiðslu

Útfyllist af framleiðendum sem óska eftir vörugjaldsskírteini samkvæmt II.2. Telja skal upp gjaldskylt hráefni/efnivöru sem framleiðandi notar við framleiðslu sína (þ.m.t. aðvinnslu og pökkun), hvort sem framleiðslan er vörugjaldsskyld eða ógjaldskyld. Vanda ber útfyllingu vöruheita og tollskrárnúmera. Nota skal framhaldsblað á eigin bréfsefni ef með þarf.

## VII Upplýsingar vegna sérstakrar skráningar

Hér má rita athugasemdir vegna umsóknar um sérstaka skráningu heildsala samkvæmt II.5, t.d. lista upp fylgigögn.

## VIII

Þarfnast ekki skýringa.

## IX Athugasemdir

Varði tilkynning/umsókn breytingar á fyrri upplýsingum skal taka fram hér hvort um er að ræða viðbót við áður innsendar upplýsingar eða nýjar upplýsingar í stað áður innsendra. Varði tilkynning/umsókn sameignarfélag sem ekki er sjálfstæður skattaðili skal tilgreina hér hverjir sameigindur formlegs rekstraraðila eru. Hér getur aðili einnig ritað aðrar athugasemdir sínar.